




Starfsþróunaráætlun



Starfsþróunaráætlun 2025–2026

Inngangur

Starfsþróunaráætlanir eru lykilverkfæri skóla til að efla faglegt starf og tryggja að kennarar og annað starfsfólk fái viðeigandi tækifæri til símenntunar, endurmenntunar og sameiginlegan faglegan grunn. Slíkar áætlanir styðja við innleiðingu menntastefnu, aðalnámskrár, skólanámskrár og sértæka stefnu sveitarfélaga og skólans sjálfs.

Áætlunin markar stefnu og forgangsörðun í starfsþróun, tengir saman stefnumótandi skjöl, innra mat, umbótaáætlanir og daglegt skólastarf. Hún veitir sameiginlega sýn og ramma sem styður við faglegt lærdómssamfélag og velferð starfsfólks og nemenda.


Starfsþróunaráætlun Grunnskólans á Hólmavík 2025–2026

Starfsþróunaráætlun Grunnskólans á Hólmavík byggir á sýn skólans og þeim stefnum og gæðaviðmiðum sem hann starfar eftir, þar á meðal:


- Skólanámskrá, starfsáætlun og grunnþáttum menntunar.
- Námsmatsstefnu, jafnréttisstefnu og velferðarstefnu.
- Öryggisáætlun, eineltisáætlun og móttökuáætlun nýnema.
- Innra mati og umbótum.

Áætlunin kynnir mánaðarlegar áherslur starfsþróunar, tengingu við viðkomandi stefnu og aðgerðir fyrir kennara og stjórnendur. Hún inniheldur jafnframt samtalsáætlun sem nýtist í markvissum samræðum við nemendur í takt við leiðsagnarnám og einstaklingsmiðaðar námsáherslur. Sú áætlun byggir einnig á stefnum skólans.

Markmiðið er að skapa samræmda sýn, dýpka faglegt samtal og styðja við skýra framvindu í skólaþróun á hverju skólaári.



Mánuður	Áherslupáttur	Lýsing
Ágúst	Samræming og öryggi	• Uppfærsla og kynning á starfsþróunaráætlun, öryggisáætlun og móttökuáætlun nýnema. • Umbótaáætlun verkefni kennara. • Innleiðingaráætlun hæfniviðmiða. • Notkun gervigreindar, örtölva og stafrænna sköpunartóla.
September	Leiðsagnarnám og námsmat	• Yfirferð og samtal um notkun námsvísis, ferilmöppu, matsviðmiða og nemendastýrðra viðtala. • Innleiðingaráætlun hæfniviðmiða? • Kennsla fjármálalæsis.
Október	Jafnrétti og fjölbreytileiki	• Innleiðing aðgerðaáætlunar í jafnréttismálum, greining á kynhlutverki í kennsluefni (með nemendum). • Kynning á eineltisáætlun og viðbrögðum við áföllum.
Nóvember	Velferð og skólabragur	• Rýnihópar um skólabrag, líðan og innleiðingu á stefnu um jákvæðan aga og félagsfærni. Nemendapíng + bekkjarfundir.
Desember	Aðlögun og móttaka	• Mat á móttöku nýnema og úrbætur í tengslum við sérþarfir, fjölmenningu og skipulag. • Þrepaskiptur stuðnignur
Janúar	Samstarf við foreldra og samfélag	• Mat á virkni nemendaráðs. • Mat umbótaáætlun - verkefni starfsfólks og gæðaráðs með hagaðilum.
Febrúar	Innra mat og umbætur	• Endurmat á upplýsingastreymi, þátttöku foreldra • Endurmat á gæðaviðmiðum sem tengjast Námi og kennslu. • Mat á öryggisáætlun - starfsfólk



Mars	Stafræn velferð og netöryggi	• Endurmenntun í stafrænu öryggi og ábyrgri netnotkun fyrir kennara og nemendur.
Apríl	Sjálfbærni og umhverfi	• Þverfagleg starf tengt sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Heimsmarkmið og skólalóð.
Maí	Mat á áætlun og framtíðarsýn	• Samantekt á starfspróun ársins og tillögur fyrir næsta ár. Mat á velferð, jafnrétti og námsumhverfi.

Annað:

Einstaklingsviðtöl verði amk. tekin í september, nóvember, janúar og mars, samhliða eða fyrir lotumat.

Hver kennari skipuleggi viðtöl í samræmi við námsvísir og ferilmöppu.


Áhersla er á að nemendur verði meðvitaðir þátttakendur í námsmati og markmiðasetningu.

Úr námsmatsstefnu:

Í stefnunni segir að eftir hverja lotu (lotutímabil) eigi:

- kennarar og nemendur að fara yfir námsframvindu og markmið.
- nemandinn að fá tækifæri til að ígrunda eigið nám, vinna með ferilmöppuna og ræða við kennara um stöðu og næstu skref.
- kennarinn á að leiðbeina um úrbætur, styrkleika og næstu markmið.
- Við lok lotu skal nemandinn draga saman gögn í ferilmöppu, sem nýtist í einstaklingsviðtali og nemendastýrðu foreldraviðtali síðar.

 Samtöl við nemendur



Dæmi um sérstakar áherslur samtala við nemendur

Byggt á stefnum skólans

Inngangur að samtalsáætlun


Samræður við nemendur eru ekki aðeins mikilvægur þáttur í lýðræðislegu skólastarfi heldur eru þær einnig lykilatriði í innleiðingu og eftirfylgni þeirra stefna sem Grunnskólinn á Hólmanvík starfar eftir. Með því að skilgreina regluleg umræðuefni fyrir einstaklings- og hópsamtöl geta kennarar tekið virkan þátt í að uppfylla markmið jafnréttisstefnu, námsmatsstefnu, öryggisáætlunar, velferðarstefnu og móttökuáætlunar.

Samtalsáætlunin hér að neðan byggir á þeim áherslum sem fram koma í ofangreindum stefnum og gerir kennurum kleift að:


- ígrunda með nemendum nám og líðan á markvissan hátt.
- efla lýðræði og virðingu í skólasamfélaginu.
- kortleggja einstaklingsmiðaðar þarfir og áherslur í kennslu.
- greina tengsl, samskipti og möguleg frávik í velferð og öryggi.

Með þessari áætlun er jafnframt dregin fram sú faglega skylda kennara að nýta samtal sem námstækni, eins og kveðið er á um í lögum, aðalnámskrá og skólanámskrá. Áætlunin er leiðbeinandi og opnar rými fyrir sveigjanleika en kennarar eru hvattir til að aðlagja hana að aldri, þroska og aðstæðum nemenda.

Mánuður	Dæmi um umræðuefni við nemendur	Markmið samtals	Aðgerðir fyrir kennara
Ágúst	„Hvernig líður þér við upphaf skólaárs?“	Kortleggja líðan og væntingar	Hafa samtalið á fyrstu vikum. Nýta sem fyrsta skref í móttöku og andlegri vellíðan.
September	„Hvað hjálpar þér að læra best?“	Stuðla að ígrundun um eigið nám	Samtalið tengt ferilmöppu, lotumati og námsvenjum.



Október	„Hefur þú einhvern tíma upplifað að öðrum sé ekki sýnd virðing?“	Kynna og ræða jafnréttisgildi	Nýta verkefni úr jafnréttisáætlun. Taka dæmi, ræða viðhorf.
Nóvember	„Hvernig finnst þér samskipti í bekknum ganga?“	Greina tengsl, vináttu og vandamál	Hafa hópsamtal með bekknum eða rýnihópum. Virkja bekkjarreglur og félagsleg verkefni.
Desember	„Ef þú mættir breyta einu í skólanum, hvað væri það?“	Efla lýðræðisvitund nemenda	Taka niður hugmyndir fyrir nemendaráð og skólaþing. Nýta sem þátt í lýðræðiskennsla.
Janúar	„Hvað ertu stolt/ur af að hafa lært eða gert í vetur?“	Ígrunda nám og framfarir	Undirbúningur fyrir foreldraviðtal, nýta sem hluta af ferilmöppu.
Febrúar	„Hverju myndir þú vilja breyta varðandi sjálfan þig?“	Markmiðasetning og styrkleikar	Nota sem aðdraganda að markmiðssetningu. Samtalið getur falið í sér styrkleikakort.
Mars	„Hvernig finnst þér samskipti á netinu – eru þau örugg?“	Stuðla að netöryggisvitund	Samtöl tengd nethegðun, ábyrgri miðlanotkun, fræðsluverkefni.
Apríl	„Hvað getur þú lagt til samfélagsins?“	Sjálfbærni, ábyrgð og framtíðarsýn	Notað við þemavinnu um sjálfbærni/heimsmarkmið. Vinna út frá styrkleikum og gildum.



Maí	<i>„Hvað lærðir þú um sjálfan þig í vetur?“</i>	Sjálfsmat og yfirsýn yfir veturinn	Rýna í námsmat, velferð og líðan – taka saman í samtali. Undirbúningur fyrir tilfærslu/skiptum.
------------	---	------------------------------------	---

Stefnur sem áætlunin uppfyllir:

Mánuður	Umræðuefni	Tengdar stefnur og skjöl
Ágúst	Líðan og væntingar	Öryggisáætlun, Móttökuáætlun nýnema, Velferðarstefna
September	Námsvenjur og stuðningur	Námsmatsstefna, Skólanámskrá (leiðsagnarnám og einstaklingsmiðað nám)
Október	Jafnrétti og virðing	Jafnréttisáætlun, Eineltisáætlun, Skólanámskrá (grunnþættir menntunar)
Nóvember	Samskipti og félagsleg tengsl	Eineltisáætlun, Velferðarstefna, Forvarnaráætlun
Desember	Lýðræði og þátttaka	Skólanámskrá (grunnþáttur: lýðræði), Velferðarstefna, Samstarf nemenda
Janúar	Ígrundun og sjálfsmat	Námsmatsstefna, Ferilmappa, Leiðsagnarnám
Febrúar	Markmiðasetning og sjálfstyrking	Námsmatsstefna, Velferðarstefna (jákvæð sjálfsmynd), Jafnréttisstefna
Mars	Nethegðun og ábyrg notkun	Stafræn öryggisstefna, Forvarnaráætlun, Öryggisáætlun
Apríl	Sjálfbærni og ábyrgð	Skólanámskrá (grunnþáttur: sjálfbærni), Umhverfisstefna (skv. endurskoðunarskjali)
Maí	Yfirsýn og persónulegur vöxtur	Námsmatsstefna, Tilfærsluáætlun, Skólanámskrá